

Samantekt
Hagsmunaráð fundur nr. 14

2017-09-35

01.09.2021

Fundarstaður: Teams fundur**Dagsetning:** 01.09.2021**Fundartími:** 13.00 – 15.00**Fundarritari:** Erla Björg Aðalsteinsdóttir**Mættir:**

Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
Einar Hansen Tómasson (ET)	Íslandsstofa
Guðbergur Rúnarsson	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Guðmundur B. Guðmundsson (GBG)	Samtök íslenskra sveitarfélaga
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir (GVS)	Bændasamtök Íslands
Gunnar Valur Sveinsson	SAF
Gunnar Stefánsson (GS)	Háskóli Íslands
Hildur Hauksdóttir	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Hjalti Jóhannesson (HJ)	Háskólinn á Akureyri
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir	ASÍ
Hólmfríður Bjarnadóttir (HB)	Samorka
Hrannar Már Hafberg	Háskólinn á Akureyri
Jóhann Þorleiksson (JÞ)	Samtökum iðnaðarins
Jóhann Þór Jónsson (JPJ)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kári Hreinsson (KH)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ)	Samorka/Orkuframleiðendur
Kristján Már Atlason (KMA)	Samorka/Orkuframleiðendur
Kristján Þ. Halldórsson (KPH)	Byggðastofnun
María Sigríður Guðjónsdóttir (MSG)	Háskóli Reykjavíkur
Ragnar Kristjánsson	Háskóli Reykjavíkur
Sigríður Mogensen	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Tryggvi Felixson (TF)	Landvernd
Tryggvi Þór Haraldsson (TÞH)	Samorka/Dreifiveitur
Þrándur Sigurjón Ólafsson	Samorka/Orkuframleiðendur
Frá Landsneti	
Einar S. Einarsson (ESE)	Framkvæmdarstjóri Stjórnunarsviðs
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Samráðsfulltrúi
Gnýr Guðmundsson (GG)	Yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)	Forstjóri
Steinunn Þorsteinsdóttir	Upplýsingafulltrúi
Sverrir Jan Norðfjörð (SJN)	Framkvæmdarstjóri Þróunar- og tæknisviðs
Páll Jensson (PJ)	Formaður hagsmunaráðs
Þorvaldur Jacobsen	Framkvæmdarstjóri kerfisstjórnunarsviðs

Dagskrá:

Elín Sigríður Óladóttir, samráðfulltrúi
Hagsmunaráð – starfið á komandi vetri

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets,
Rekstur Landsnets – hvernig sjáum við árið framundan?

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets
Minni sóun við undirbúning framkvæmda

Páll Jensson, formaður hagsmunaráðs
Litið yfir farinn veg

Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu
Kerfisáætlun Landsnets

Fundarstjóri: Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi

Umræður og samantekt
Dagskrárlok áætluð kl: 15.00

1. Hagsmunaráð – starfið á komandi vetri (Elín Sigríður Óladóttir)

Tilgangur og markmið ráðsins er „að stuðla að auknu samráði, auknum gagnkvæmum skilningi, leiða til nýrra lausna og aukinnar sáttar um framtíð flutningskerfis raforku.“ Ráðið stofnað að tillögu ráðherra, Þórdísar, Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Fjórða starfsár að hefjast. Stefnt er að því að hafa blandað fyrirkomulag funda á komandi misserum þar sem notast verður við bæði fjarfundi og fundi í raunheimum. Áhersla er lögð á vinnustofur í vetur. Viðhorfskönnun verður send út í vetur og eru tvö ár liðin frá síðustu könnun.

Í skoðun er að setja upp facebookhóp til að miðla upplýsingum til ráðsins. Komin er beiðni um að breyta föstum fundartíma á miðvikudögum. Til skoðunar er að hafa fundina frekar á mánudögum eða þriðjudögum.

Óskað er eftir tillögum frá fulltrúum um þemu á hagsmunaráðsfundum og hvaða umfjöllunarefni þau myndi vilja fá að heyra og ræða.

Formaður hagsmunaráðsins, Páll Jensson, er að láta að störfum. Kemur í ljós á næstu dögum hver mun taka við keflinu.

Umræður

Tillaga um umfjöllunarefni á hagsmunafundi: Fara yfir þær breytingar sem urðu síðast raforkulögum.

2. Rekstur Landsnets – hvernig sjáum við árið framundan (Guðmundur Ingi Ásmundsson)

Orkustefna til 2050 var samþykkt á síðasta ári. Hún ásamt raforkulögum, er grunnur fyrir því sem Landsnets er að gera. Í orkustefnunni er áhersla lögð á orkuöryggi en nýir þættir koma inn t.a.m. fjölbreytileiki, orkunýting og að orkumarkaðurinn sé samkeppnishæfur.

Landsnet hefur hingað til lagt áherslu á flutningskerfið, afhendingaröryggi og þróun kerfis. Nýir þættir sem eru að bætast við eru sjálfvirkni og hátæknivæðing upplýsingaveita, og orkumarkaður og viðskipti.

Í framkvæmdum sínum hefur Landsnet unnið að því að mannvirki falli betur að landslagi.

- Við byggingu nýrra loftlína er farið að notast við stálröramöstur í stað stálgrindamastra sem víða hefur fengið góðan hlómgrunn.
- Slóðar við línur eru orðnir mun nettari, sem dregur úr raski, áhrifum á landslag og kostnaði.
- Unnið hefur verið að því að byggja yfir tengivirki, bæði til að auka öryggi og fella tengivirki betur að landslagi og ásýnd svæðis. Sú aðgerð dregur einnig úr viðhaldskostnaði við tengivirki.
- Aukin áhersla er á hagræðingu og lækkun kostnaðar.

Stefnt er að því að auka aðgengi að gögnum sem geta nýst notendum til ákvarðana, leggja áherslu á snjallar lausnir, gegnsæja verðmyndun, betri orkunýtingu og bætt aðgengi fyrir smærri orkuframleiðendur.

Í snjöllum lausnum felst

- Stafrænar spennustöðvar, tækni sem Landsnet er framarlega í heiminum með.
- Aukin sjálfvirkni sem felur í sér minni rekstrarkostnað.
- Ljósleiðari í stað koparlagna, sem felur í sér aukið öryggi, einfaldleika og minni rekstrarkostnað.
- Minni byggingar fyrir tengivirki.
- Hagkvæmni í fjárfestingum og rekstri.
- Svarar kröfum um sveigjanlegra kerfi og stöðugri þróun nýrra orkumiðla.
- Samspil við fyrirhugaða upplýsingaveitu.

Áhersla á nota jarðstrengi þar sem það er möguleiki. Takmarkanir eru til staðar við notkun á jarðstrengjum, sérstaklega á hærri spennum. Mikið hagkvæmismál hvenær eigi að nota jarðstrengi en Landsnet hefur verið að skoða leiðir til að ná kostnaði niður, t.d. með því að minnka umfang skurða.

Margar framkvæmdir komnar til framkvæmda í framtíðarsýn Landsnets.

Spurningar og umræður

- Er Landsnet með á mat á því hvað gæti stuðlað að bættri orkunýtni?

Sv: Nýta virkjanir betur og draga úr flöskuhálsum. Snjallar lausnir koma til með að nýta betur sveigjanleika sem býr í kerfinu. Erum hins vegar með fullásetið kerfi og þurfum að fjárfesta í flutningskerfinu. Samspil milli þessara þátta mikilvægt.

- Hugleiðing um verðlagningu. Ekki er hægt að setja rétt verð á raforku nema umhverfiskostnaður sé tekinn með.

3. Minni sóun við undirbúning framkvæmda (Sverrir Jan Norðfjörð)

Við ákvarðanir um þróun orkukerfis er sífellt verið að halda jafnvægi þriggja atriða; öryggi, samfélag og umhverfi, og verðmæti.

Framkvæmdir í raforkuflutningskerfinu einkennast af mikilvægri uppbyggingu innviða, framkvæmdir ná oft yfir nokkur sveitarfélög, horfa þarf á raforkuflutningskerfið sem eina heild þar sem framkvæmdir á einum stað geta haft áhrif á öðrum stað. Verið er að horfa til framtíðar og nauðsynlegt að tryggja sveigjanleika í kerfinu.

Áður en hægt er að sækja um framkvæmdaleyfi þarf að ljúka eftirfarandi ferlum:

- Kerfisáætlun og umhverfismat áætlana
- Skipulagsvinnu
- Mati á umhverfisáhrifum
- Afla annarra tilfallandi leyfa
- Hönnun og innkaup

Landsnet hefur reynt að samstillta verkefni og samráð á öllum stigum.

Í raundæmi, þar sem ekki var mikið af hagsmunaaðrekstrum, tók undirbúningurinn 7 ár áður en hægt var að sækja um framkvæmdleyfi. Hægt væri að stytta tíma:

- Ef umsagnaraðilar myndu virða umsagnarfresti.
- Með nútímalegri miðlun á efninu.
- Með samþættri málsmeðferð.

Ekki er verið að tala um að gefa afslátt á undirbúningstímanum heldur að draga úr endurtekningum. Þessi umræða hefur verið lengi í umræðunni og nú er búið að breyta umhverfismatslöggunum með það að markmiði að auka skilvirkni. Það á síðan eftir að koma í ljós hvernig skilvirknin skilar sér.

Spurningar og umræður

- Tekið undir þetta vandamál. Erfitt er fyrir almenning og smærri hagsmunaaðila að fylgja verkefnum eftir og hvenær eigi að koma inn ábendingum.

4. Kerfisáætlun 2020-2029 (Gnýr Guðmundsson)

Búið er að skila Kerfisáætlun 2020 - 2029 til Orkustofnunar og var það gert 31. ágúst. Þarf að vera búið að skila fyrir 1. september. Eftirfarandi er nýtt í kerfisáætlun:

- Styrking meginflutningskerfisins á Vestfjörðum sett inn á 10 ára áætlun, í samræmi við stefnu stjórnvalda.

- Endurbætt mat á gjaldskráráhrif uppbyggingar.
- Fjallað um samræmi áætlunar við Orkustefnu.
- Framkvæmdahlutinn hefðbundinn – nýjar framkvæmdir bættust við.

10 ára áætlun felur í sér framkvæmdir sem ná frá Suðvesturhorninu að Austurlandi um norðanvert landið, ásamt styrkingum á Vestfjörðum. Skoðaðir voru þrír valkostir á Vestfjörðum og var lagður til aðalvalkostur sem var í mestu samræmi við framkvæmdaáætlun. Allar framkvæmdir 10 ára áætlunar komnar á framkvæmdaáætlun nema tenging milli Hrutafjarðar og Blöndu sem er í vinnslu.

Í framtíðinni þarf að loka hringnum um landið, annaðhvort með nýrri línu sunnan við Vatnajökul eða yfir hálandið.

Nýjar framkvæmdir á framkvæmdaáætlun eru m.a. endurnýjun tengivirkis við Sigöldu og Vogaskeið en það er stefna Landsnets að öll tengivirki verði yfirbyggð.

Þegar áætlunin nær fram að ganga verða aðstæður gjörbreyttar hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi.

Niðurstaða gjaldskrárþróunar fyrir stórnotendur er góð fyrir flestar sviðsmyndir. Fyrir dreifiveitur er niðurstaðan ekki eins jákvæð, en er háð sviðsmyndum, en mikil uppbygging er í svæðisbundna kerfinu.

Á umsagnartíma Kerfisáætlunar 2021-2030 bárust 21 umsögn. Mikill fjöldi barst frá sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga sem er jákvætt og ber merki um aukinn áhuga og samráð. Ekki þurfti að breyta Kerfisáætlun mikið efnislega í kjölfar umsagna. Búið er að svara öllum umsögnum og er hægt að nálgast gögnin inn á heimasíðu Landsnets.

Megininntak umsagna var:

- Meiri sátt við uppbyggingaráform meginflutningskerfis.
- Sveitarfélög leggja áherslu á auknar styrkingar.
- Áhyggjur af þróun gjaldskrár og samkeppnishæfni.
- Ekki allir sannfærðir um þörf á 200 kV uppbyggingu.
- Jarðstrengsumræða.
- Forgangsröðun framkvæmda.
- Athugasemdir um einstakar framkvæmdir.

Nú stendur yfir annað umsagnarferli þar sem Orkustofnun óskar eftir umsögnum. Verður gert í september. Orkustofnun ætti að samþykkja kerfisáætlunina fyrir 15. desember.

Búið er að breyta raforkulögunum og það komst í gegn að kerfisáætlun verði gerð annað hvert ár. Landsnet mun leitast við að dagsetningum verði breytt svo umsagnarfrestir lendi ekki á sumarorlofstíma. Landsnet sér marga kosti við þetta fyrirkomulag, þar sem hægt verður að gefa sér betri tíma til greininga og vinnslu kerfisáætlunar.

Spurningar og umræða

- Áhugavert að heyra að það sé meiri skilningur á þörfinni á styrkingu. Minni á þörf á styrkingu á Norðausturhorninu.
- Gaman að sjá að sveitarfélögin séu meiri þátttakendur í kerfisáætlun.
- Sammála um að skoða þurfi betur hvernig tekið er á uppbyggingu innviða, t.d. raflína og vegframkvæmda, í skipulagsmálum.

- Páli Jenssyni þakkað fyrir samvinnuna undanfarin misseri.

5. Næstu skref

Næsti fundur verður í nóvember. Ef hugmyndir koma um þemu eða umfjöllunarefni á hagsmunaráðsfundum má koma þeim áleiðis til einhverja þeirra sem koma frá Landsneti.